

108. stjórnarfundur Markaðsstofu Kópavogs

Haldinn miðvikudaginn 24. maí 2023, kl. 12:00 að Digranesvegi 1.

Fundinn sátu: Kristín Amy Dyer, Kristján Ingi Gunnarsson, Ólafur Björnsson, , Ásgeir Haukur Guðmundsson, Katrín Helga Reynisdóttir og Friðrik Ómarsson. Teitur Erlingsson sat fundinn með fjarfundarbúnaði. Björn Jónsson framkvæmdastjóri sat einnig fundinn.

1. Fundur settur

Formaður setti fundinn klukkan 12:15 og stýrði honum, fundinn ritar framkvæmdastjóri.

2. Fundargerð síðasta stjórnarfundar var lögð fram til samþykktar

Fundargerð 107. stjórnarfundar var lögð fram til samþykktar og samþykkt samhljóða.

3. Uppfærð rekstraráætlun 2023

Framkvæmdastjóri upplýsti stjórn um fund, sem hann ásamt Amy og Kristjáni áttu með Matthíasi Sveinssyni framkvæmdastjóra Eignahaldsfélagsins Ögur ehf., sem er leigusali húsnæðisins að Hlíðasmára 10. Fram kom að Matthías sé mögulega tilbúinn að endurskoða húisleigusamning með það að markmiði að Skóp taki hann yfir, með fyrirvara um að Kópavogsbær styðji einnig við verkefnið. Ákveðið var að stjórn Markaðsstofunnar leggi fram trúverðuga rekstraráætlun fyrir leigutímann út árið 2024 og kynni fyrir leigusala.

Framkvæmdastjóri lagði fram uppfærða rekstraráætlun fyrir Skóp fyrir tímabilið júlí 2023 til ársloka 2024, sjá fylgiskjöl 1 og 2. Forsendur áætlunarinnar eru m.a. að leiguverð lækki um 25%, að Kópavogsbær styðji við reksturinn á samningstímanum og að starfshlutfall starfsmanns verði 25%. Umræður urðu um málið.

Tillaga kom fram um að framkvæmdastjóri sendi leigusala áætlanir sem framlagðar voru á fundinum og semji um endurskoðun leigusamnings, sem er í gildi til ársloka 2024. Ef samningar takast við leigusala mun Markaðsstofan senda erindi til bæjarráðs með ósk um fjárhagsstuðning samtals 3,0 m.kr. á síðari hluta ársins 2023 og 5,0 m.kr. á árinu 2024.

Tillagan var samþykkt með 5 atkvæðum, Kristjáns Gunnarssonar, Ólafs Björnssonar, Ásgeirs Hauks Guðmundssonar, Friðriks Ómarssonar og Katrínar Helgu Reynisdóttur. Amy Dyer greiddi atkvæði á móti og Teitur Erlingsson sat hjá.

Amy Dyer lagði fram eftirfarandi bókun:

"Þar sem að Markaðsstofa Kópavogs fær ekki meira fjármagn frá Kópavogsbæ hefur ítrekað verið undirstrikað mikilvægi þess að forgangsraða tekjuaukningu innan stofnunarinnar til að geta staðið undir kostnaði og jafnframt að leita leiða til að draga úr kostnaði. Ýmsar tillögur til þess að tryggja starfsemi SKÓP (nýsköpunarhluta Markaðsstofu Kópavogs) hafa verið samþykktar af stjórnarmeðlimum en undirritað telur þeim ekki almennilega fylgt eftir og iðulega ekki framkvæmdar. Það er því skoðun undirritaðrar að réttast sé að stofnuninni sé lokað."

Ólafur Björnsson óskaði eftir að fundi verði frestað og framhaldsfundur verði boðaður eins fljótt og mögulegt er.

Samþykkt samhljóða að fresta fundi. kl. 13:10.

Framhaldsfundur 108. stjórnarfundur Markaðsstofu Kópavogs

Haldinn miðvikudaginn 30. maí 2023, kl. 12:00 að Digranesvegi 1.

Fundinn sátu: Kristín Amy Dyer, Kristján Ingi Gunnarsson, Ólafur Björnsson, Ásgeir Haukur Guðmundsson, Katrín Helga Reynisdóttir. Teitur Erlingsson og Friðrik Ómarsson sátu fundinn með fjarfundarbúnaði. Björn Jónsson framkvæmdastjóri sat einnig fundinn.

1. Fundur settur

Formaður setti framhaldsfund 108. stjórnarfundar Markaðsstofu Kópavogs klukkan 12:10 og stýrði honum, fundinn ritar framkvæmdastjóri. Fundurinn er framhald af stjórnarfundum sem frestað var 24. maí sl.

Amy og Björn viku af fundi á meðan 2. liður var ræddur og afgreiddur.

2. Andsvar við bókun formanns

Eftirfarandi bókun var lögð fram af Kristjáni Gunnarssyni, Ólafi Björnssyni, Ásgeir Hauki Guðmundssyni, Friðrik Ómarssyni og Katrínu Helgu Reynisdóttur sem mótbókun við bókun formanns fyrr á fundinum (sjá fundargerð áður en fundi var frestað).

„Stjórn MK hefur verið einhuga í þeim aðgerðum sem farið hefur verið í síðan stjórn tók til starfa haustið 2022. Það kemur því stjórn mikið á óvart að formaður skuli beina gagnrýni sinni að stjórn og framkvæmdarstjóra þess án þess að leita allra leiða til að bjarga rekstri SKÓP og án þess að láta reyna á yfirlýstan vilja Bæjarráðs Kópavogs til að halda rekstri SKÓP áfram. Stjórn MK hefur frá því að ákvörðun bæjarstjóra um að skera niður fjárframlag til MK, lagt alla áherslu á að bjarga SKÓP hluta rekstarins. Stjórnin hefur leitað allra leiða, með fullri þátttöku formanns, og m.a. farið í viðræður við leigusala til að lækka leigukostnað og jafnvel koma með beinum hætti að verkefninu til framtíðar. Sú vinna er enn í gangi.

Undirrituð telja það ábyrgðarlaust og jafnvel siðlaust að fara út í markaðssetningu á SKÓP á meðan alger óvissa er um framtíð þess.“

Amy og Björn komu aftur inn á fundinn.

3. Uppfærð rekstraráætlun 2023, framhald umræðu

Framkvæmdastjóri upplýsti stjórn um fund sem hann átti með Matthíasi Sveinssyni framkvæmdastjóra Eignahaldsfélagsins Ögur ehf., sem er leigusali húsnæðisins að Hlíðasmára 10. Fram kom að leigusali er tilbúinn að lækka upphæð mánaðarlegrar húsaleigu um 25%, frá því sem samningur segir til um (lækkun um 3,0 m.kr.), með fyrirvara um að Kópavogsbær styðji við starfsemi Markaðstofunnar/Skóp um 3,0 m.kr. á síðari hluta ársins 2023 og um 5 m.kr. á árinu 2024, til samræmis við rekstraráætlun sem lögð var fram á fundi þeirra, sjá fylgiskjöl 1 og 2.

Tillaga kom fram um að framkvæmdastjóri sendi erindi til bæjarráðs með ósk um fjárhagsstuðning við starfsemi Skóp, samtals 3,0 m.kr. á síðari hluta ársins 2023 og 5,0 m.kr. á árinu 2024.

Tillagan var samþykkt samhljóða og framkvæmdastjóra falið að gera tillögu að bréfi til bæjarráðs.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:56